

54 barnanna af framfærslusveit móðurinnar. Þar sem ofan nefndar kr. 2714,33 er löglega veittur
 22. ágúst. fátækra styrkur, úrskurðast, að Bessastaðahreppur skuli endurgreiða Reykjavíkurbæ helming
 styrks þessa, eða kr. 1357,16.

Þetta er yður hjer með til vitundar gefið til leiðbeiningar og til frekari birtingar fyrir
 hreppsnefnd Bessastaðahrepps og annist þjer um að hin úrskurðaða upphæð verði greidd án tafar.

55
 9. maí

Samþykt

um

breyting á samþykt 2. janúar 1919 um lokunartíma sölubúða í Hafnarfjarðarkaupstað.

Í stað 4. málsg. 2. greinar samþyktarinnar komi:

Á tímabilinu frá 15. apríl til 15. september, skal á miðvikudögum og laugardögum
 loka búðum eigi síðar en kl. 8. síðdegis.

Samþykt þessi staðfestist hjer með samkvæmt lögum nr. 79, 14. nóv. 1917, sbr. lög
 nr. 9, 2. ágúst 1918, til að öðlast gildi 17. maí 1921, og birtist til eftirbreytni öllum þeim,
 sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins 9. maí 1921.

Pjetur Jónsson.

Oddur Hermannsson.

56
 17 maí

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir styrktarsjóð iðnaðar-
 manna í Reykjavík, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkju-
 málaráðherra 17. maí 1921. Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá

styrktarsjóðs iðnaðarmanna í Reykjavík.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Iðnaðarmannafjelaginu í Reykjavík 7. apríl 1895, með þeim
 2263 krónum og 6 aurum, er það átti í Söfnunarsjóði Íslands í ársbyrjun 1895, og nefnist
 Styrktarsjóður iðnaðarmanna í Reykjavík.

2. gr.

56

17. mál

Tilgangur sjóðsins er að styrkja meðlimi sjóðsins, ekkjur þeirra og börn, en meðlimir geta orðið allir meðlimir Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík og aðrir iðnaðarmenn í Reykjavík, ef þeir eru samþykktir á aðalfundi sjóðsins.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru árstíllög meðlima, ársvextir af höfuðstólnum og frjálsar gjafir.

Árstíllagið er 5 krónur frá hverjum meðlimi sjóðsins, en breyta má upphæð tillagsins á aðalfundi sjóðsins.

Aðalfundur setur reglur um innheimtu tillagsins og gjalddaga, og telst enginn meðlimur sjóðsins, sem í árslok skuldar árstíllag, fyr en hann hefir greitt áfallin gjöld.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skal vera skipuð 5 mönnum, er kjósið af meðlimum sjóðsins á aðalfundi í marsmánuði ár hvert, og skiftir stjórnin með sjer verkum. Á sama fundi ber einnig að kjósa 2 menn til að endurskoða reikninga sjóðsins fyrir yfirstandandi ár. Kjósa skal og til vara 1 manni í stjórnina og 1 endurskoðanda.

Stjórninni ber að sjá um að höfuðstóll sjóðsins sje ávaxtaður í aðaldeild Söfnunar-sjóðs Íslands, og að tekjur sjóðsins sjeu lagðar við höfuðstólinn og ávaxtaðar á sama hátt og hann, eins fljótt og því verður viðkomið, að því leyti sem þeim ekki er varið til styrkveitinga samkvæmt 5. grein.

Stjórn sjóðsins skal þegar eftir hver áramót semja reikning sjóðsins fyrir liðið ár, og og skal reikningurinn úrskurðaður á aðalfundi eftir að endurskoðendur hafa yfirlit hann.

5. gr.

Höfuðstólinn má aldrei skerða, en verja má árlega til styrkveitinga alt að $\frac{1}{4}$ af árs-vöxtum og $\frac{3}{4}$ af árstíllögum meðlima.

6. gr.

Aðnjótandi styrks úr sjóðnum geta orðið þeir meðlimir sjóðsins, er greitt hafa árs-tíllag í minst 3 ár samfleytt, svo og ekkjur þeirra og eftirlátin börn.

7. gr.

Umsóknir um styrk skal senda stjórn sjóðsins fyrir 20. september ár hvert, og skal umsóknunum fylgja skilríki um verðleika og þörf umsækjanda.

Stjórn sjóðsins úthlutar síðan styrk 1. dag októbermánaðar, og skal miða fjárhæð styrks við tekjur sjóðsins næsta ár á undan.

Aðalfundur sjóðsins getur sett nánari reglur um styrkveitingar og um upptöku nýrra meðlima.

8. gr.

Skyldi svo fara að meðlimir sjóðsins verði færri en 10, skal sjóðurinn leggjast undir umsjón borgarstjórans í Reykjavík, og skal hann taka með sjer til styrkveitinga 4 menn úr flokki iðnaðarmanna í Reykjavík. Skulu þeir árlega veita styrk úr sjóðnum samkvæmt fyrir-mælum þessarar skipulagsskrár.

56
17. maí

Eftir aðalfund í marsmánuði ár hvert, sendir stjórn styrktarsjóðsins, eða borgarstjórnin í Reykjavík (sbr. 8. gr.), skýrslu um fjárhag og starfsemi sjóðsins síðastliðið ár, til Iðnaðarmannafjelagsins í Reykjavík, sem hefir eftirlit með því að sjóðnum sje stjórnað samkvæmt framanskráðri skipulagsskrá.

10. gr.

Skipulagsskrá þessi er samín af sameiginlegri nefnd Iðnaðarmannafjelagsins og styrktarsjóðs iðnaðarmanna í Reykjavík, og samþykkt á fundi Iðnaðarmannafjelagsins 6. apríl 1921.

Skal leita konunglegrar staðfestingar á skipulagsskránni, og komi hún í stað skipulagsskrár þeirrar, er samþykkt var á fundi Iðnaðarmannafjelagsins 7. apríl 1895 og staðfest af konungi 18. september 1896.

Í stjórn Iðnaðarmannafjelagsins 6. apríl 1921.

Jón Halldórsson
form.

Magnús Gunnarsson
fjehirðir.

Guðm. H. Þorláksson
ritari.

57
21. maí **Staðfesting konungs** á skipulagsskrá fyrir Sjúkrasjóð Reykdæla útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 21. maí 1921. Skipulagsskráin er þannig:

Frumvarp

til skipulagsskrár fyrir Sjúkrasjóð Reykdæla.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Sjúkrasjóður Reykdæla, og er stofnaður af Kvenfjelagi Reykdæla með kr. 535.00.

2. gr.

Sjóðurinn er eign Reykdælahrepps, en hagnýta má hann þó aðeins á þann hátt, sem skipulagsskrá þessi mælir fyrir um.

3. gr.

Stjórn Kvenfjelagsins í Reykjadal hefir á hendi umsjón sjóðsins og reikningshald. Hún annast um, að hann sje á vöxtum í tryggum opinberum sjóði. Hún gerir og árlega fulla grein fyrir reikningum sjóðsins, bæði gagnvart meðlimum Kvenfjelagsins og sveitarmönnum.